

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 28. júní 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Súðavíkur 1992-2012, og staðfest var 29. apríl 1994, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að sunnan við Eyrardalsá er gert ráð fyrir nýrri íbúðabyggð og þjónustu þar sem áður var íbúðasvæði til notkunar að skipulagstímabili loknu og útivistarsvæði.

Sveitarstjórn Súðavíkur mun taka að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 28. júní 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

7. júní 1995

Nr. 366

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 380/1994 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

5. mgr. 9. gr. breytist og orðast svo:

Við rekstrardeild fara fram kennsla og rannsóknir í þeim greinum sem tengjast rekstri fyrirtækja og stofnana. Við rekstrardeild eru rekstrarbraut og iðnrekstrarbraut. Nám á rekstrarbraut er skipulagt sem þriggja ára nám og lýkur með BS-prófi í rekstrarfræði. Nám á iðnrekstrarbraut er skipulagt sem tveggja ára nám. Brautskráðum nemendum af iðnrekstrarbraut gefst kostur á eins árs viðbótarnámi (30 einingum) til BS-prófs í rekstrarfræði. Að fengnu samþykki háskólanefndar er rekstrardeild heimilt að skipta hluta námsframboðs á rekstrarbraut og iðnrekstarbraut í sérhæfð námssvið. Rekstrardeild er heimilt að fengnu samþykki háskólanefndar að gefa nemendum með BS-próf í rekstrarfræði, eða öðrum með sambærilega menntun að baki, kost á eins árs framhaldsnámi í gæðastjórnun er lýkur með sérstakri staðfestingu (diploma).

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 7. júní 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.